

S K R I F S T O F A  
F O R S E T A Í S L A N D S



*Alþingi  
Erindi nr. Ö 138/108  
komudagur 6. 6. 2010*


Atli Gíslason alþingismaður  
Alþingi við Austurvöll

Staðastað 6. júní 2010

Efni: Athugasemdir skrifstofu forseta Íslands í framhaldi af bréfi Atla Gíslasonar, dags. 14. maí 2010, fyrir hönd þingmannanefndar sem fjallar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis

Ágæti Atli.

Hjálagðar eru athugasemdir skrifstofu forseta Íslands í framhaldi af boði þingmannanefndar þeirrar sem fjallar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis til forsetaembættisins um að senda nefndinni skriflegar athugasemdir í tengslum við efni bréfs sem vinnuhópur um siðferði (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirs dóttir) sendi þingmannanefndinni þann 1. maí 2010,

  
virðingarfyllst,  
Órnólfur Thorsson  
forsetaritari



## Svar skrifstofu forseta Íslands til þingmannanefndar

Skrifstofu forseta Íslands hefur borist bréf dags. 14. maí 2010 frá þingmannanefnd sem fjallar um skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Bréfið er undirritað af Atla Gíslasyni formanni nefndarinnar fyrir hennar hönd. Með því fylgir bréf til þingmannanefndarinnar frá vinnuhópi um siðferði og starfshætti dags. 1. maí 2010. Í bréfi þingmannanefndarinnar er forsetaembættinu gefinn kostur á því að senda nefndinni skriflegar athugasemdir. Þær athugasemdir fylgja hér á eftir.

Það var afstaða forseta á sínum tíma að blanda sér ekki í opinberar umræður um skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, þar með talið skýrslu vinnuhópsins, enda væri afar mikilvægt að þjóðin fengi ráðrúm til að meta skýrsluna á yfirvegaðan og sjálfstæðan hátt. Sú afstaða breyttist hins vegar af skiljanlegum ástæðum þegar Ríkisútvarpið flutti í hádegisfréttum 14. apríl síðastliðinn svofellda aðalfrétt byggða á skýrslu vinnuhópsins:

Ólafur Ragnar Grímsson greiddi fyrir viðskiptum Kaupþings og katarska furstans Al Thanis með beinum hætti í krafti embættis forseta Íslands. Viðskiptin eru í hópi þeirra mála sem Rannsóknarnefnd Alþingis telur ástæðu til að tekin verði til opinberrar rannsóknar vegna gruns um kerfisbundna markaðsmisnotkun og eru nú þegar í rannsókn hjá sérstökum saksóknara. (RÚV, 14.4. 2010)

Forseti taldi í kjölfarið óhjákvæmilegt að ræða við fjölmíðla og leiðréttta þessa rangfærslu, sem tengdi forseta við sakamál, og fáeinart aðrar villur í skýrslu vinnuhópsins þótt sú upptalning væri á engan hátt tæmandi.

Í fyrrnefndu bréfi til formanns þingmannanefndarinnar biðst vinnuhópurinn "velvirðingar á þessari rangfærslu", þó ef til vill hefði verið eðlilegra að beina slíkri afsökun til forseta, og rekur í framhaldinu fleiri skekkjur í kaflanum um forseta og ber að þakka fyrir það. Þess má og geta að formaður vinnuhópsins, Vilhjálmur Árnason

prófessor, ræddi um miðbik aprílmánaðar við forsetaritara í síma og vék að þeim rangfærslum sem nefndar eru í bréfinu um leið og hann kynnti þá fyrirætlun sína að greina frá þeim á opinberum vettvangi.

Þegar fjallað er um þjóðhöfðingja í viðauka<sup>1</sup> við skýrslu um aðdraganda og hrún bankakerfisins, skýrslu sem samin var að tilhlutan Alþingis, er afar mikilvægt að allt sé þar sannleikanum samkvæmt og leitað sé eftir bestu fáanlegum upplýsingum líkt og þegar fjallað er um aðra þætti og greinargerðin sé byggð á víðtækri rannsókn, markvissri hugtakanotkun og staðreyndum. Ef alvarlegar villur eða rangfærslur er að finna í slíkum viðauka er hætta á að til þeirra verði vitnað bæði hérlandis og erlendis eins og um sannleika sé að ræða.

Það kom forsetaembættinu mjög á óvart að vinnuhópurinn um siðferði og starfshætti sem samdi fyrnlefndan viðauka leitaði aldrei eftir því að forseti, forsetaritari eða aðrir starfsmenn embættisins veittu hópnum upplýsingar eða svöruðu spurningum hans, munnlega eða skriflega, sérstaklega í ljósi þess að rætt var við fulltrúa fjölmiðla og háskólasamfélags sem vinnuhópurinn fjallaði einnig um.

Tæplega níu blaðsíður eru tileinkaðar forseta í umfjöllun starfshópsins en rúmur þriðjungur þess texta eru beinar tilvitnanir í ræður eða bréf forseta eða endursögn á þeim; um sex síður frá vinnuhópnum sjálfum.

Það er ljóst af kaflanum um forseta að vinnuhópurinn hefur ekki nýtt sér þær ítarlegu heimildir sem birtar eru á vefsetri forsetaembættisins, bæði í formi fréttatilkynninga og frásagna af störfum forseta. Þar eru frásagnir af fundum forseta og viðræðum, þáttöku hans í viðburðum og athöfnum sem og af öðru sem forsetinn hefur aðhafst á síðastliðnum áratug. Auk þess eru þar aðgengilegar allar skrifaðar ræður sem forseti hefur flutt, ávörp, kveðjur og fjölmargt annað sem snertir störf hans.

Vefsetur embættisins er grundvöllur þess gagnsæis og þeirrar lýðræðislegu upplýsingaskyldu sem forsetaembættið hefur leitast við að skipa í öndvegi. Vart mun á nokkurn hallað þó fullyrt sé að enginn kjörinn trúnaðarmaður íslensks almennings hafi veitt jafn ítarlegar upplýsingar um störf sín sem forseti Íslands. Í ljósi þessa er miður að finna megi villur, ónákvæmni og getgátur á þeim blaðsíðum sem tileinkaðar eru forseta í umfjöllun starfshópsins, rangfærslur af ýmsu tagi sem forðast hefði mátt

---

<sup>1</sup> Um forseta er fjallað í kaflanum *Stjórnsýsla, stjórnsiðir, stjórnmál* sem birtur er í áttunda bindi sem ber heitið *Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna*. Höfundar eru Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirs Þórssdóttir.

með efnisöflun á opnu og aðgengilegu vefsetri embættisins eða samræðum við starfsmenn þess.

Í samræmi við boð þingmannanefndarinnar vill skrifstofa forseta nefna nokkur dæmi um þessi vinnubrögð þótt ekki sé ástæða til að elta ólar við allt.

1. Með öllu er óskiljanlegt hvernig vinnuhópurinn gat dregið eftirfarandi ályktun af lestri bréfs forseta frá 22. maí 2008: „Forseti Íslands átti samkvæmt bréfinu fund eða samtal við Al Thani sem keypti hlutabréf í Kaupþingi með peningum frá Kaupþingi en það er önnur saga“ (bls. 177). Eins og skýrt kemur fram í bréfinu er það skrifað til þjóðhöfðingja Katars, Hr. Hamads Bin Khalifa Al Thani, vegna fyrirhugaðrar opinberrar heimsóknar hans til Íslands sem áformuð var í júlí það ár. Í bréfinu eru nefnd þrjú áhersluatriði í samvinnu landana en venja er að fjalla um slíkt í aðdraganda opinberra heimsókna þegar þær eru skipulagðar. Þessi áhersluatrið voru: (1) Samstarf á sviði fjármálalífs og þar var Kaupþing nefnt vegna þess að það var eini íslenski bankinn (og reyndar eini norræni bankinn) með starfsemi í Katar. (2) Nýting hreinnar orku og heimsókn sérstakrar sendinefndar frá Katar til Íslands til að ræða slíka samvinnu en sú sendinefnd kom til Íslands nokkrum vikum síðar. (3) Heilbrigðismál, einkum erfðarannsóknir, en vikið er að áhuga Íslenskrar erfðagreiningar og Kára Stefánssonar á því að skipuleggja og annast slíkar rannsóknir í Mið-Austurlöndum þar sem ættgeng sykursýki er t.d. mjög útbreidd.

Með því að flétta einn þátt úr bréfi forseta við rangan mann, þann sem „keypti hlutabréf í Kaupþingi með peningum frá Kaupþingi“, tengir vinnuhópurinn forseta ranglega við alvarlega sakamálsrannsókn.

2. Vinnuhópurinn segir það eitt um ferð forseta til Kína árið 2007 að „ferðin var farin í þágu athafnaskáldanna og var forsetinn m.a. viðstaddir opnum kæligeymslu í eigu Eimskipa“ (bls. 175). Skýrt kom fram í fjölmölum á þessum tíma, í fréttatilkynningum og frásögnum sem birtar eru á vef forsetaembættisins, að ferðin var farin í tilefni af Heimsleikum þroskaheftra og seinfærra íþróttamanna, Special Olympics, í Shanghai og þátttöku margra íþróttamanna úr þeirra röðum frá Íslandi sem skipulögð var af Íþróttasambandi fatlaðra. Þúsundir seinfærra og þroskaheftra íþróttamanna frá um 165 löndum tóku þátt í

heimsleikunum. Forsetinn sat þá í alþjóðastjórn Special Olympics og hafði unnið náið með Íþróttasambandi fatlaðra að þátttöku hinnar fjölmennu íslensku sveitar í heimsleikunum. Einnig var verkefni forsetans í þessari ferð að stjórna fjölsóttri alþjóðlegri ráðstefnu um velferð þroskaheftra en forsetinn hafði unnið að undirbúningi hennar og lokaályktun fyrir hönd Special Olympics. Um 1000 áhrifamenn og sérfræðingar hvaðanæva úr veröldinni sóttu ráðstefnuna. Allt kemur þetta fram á vef forsetaembættisins og í fréttatilkynningum.

Þá barst forseta boð frá Hu Jintao forseta Kína um að eiga með honum fund 2. október og var ekki hægt að ná fundinum með því að fara með áætlunarflugi vegna setningar Alþingis 1. október. Slíkur fundur með forseta Kína var mjög mikilvægur fyrir íslenska hagsmuni og samvinnu ríkjanna.

Í lok ferðarinnar fór forseti svo til þriggja borga í boði kínverskra stjórnvalda og var um einn dag í hverri. Þær voru: Xian Yang þar sem verið var að reisa hitaveitu í stað kolakyndingar; Qingdao sem kínversk stjórnvöld hafa gert að sérstöku áherslusvæði í samvinnu við Ísland allt frá opinberri heimsókn forseta Íslands til Kína árið 2005, en þar starfa ýmis íslensk fyrirtæki; Shenzhen sem er ný 8 milljóna borg, fimmta stærsta borg Kína, sem ekki var til árið 1980 og er til marks um þær nýju borgir sem setja munu svip á þróun Kína á þessari öld. Frá öllu þessu er greint á vef forsetaembættisins.

Þeirra höfuðatriða úr Kínaferð forseta Íslands sem hér hafa verið nefnd er að engu getið í umfjöllun vinnuhópsins en sagt að ferðin hafi eingöngu verið farin „í þágu athafnaskáldanna“, einkum Eimskipa. Það er villandi svo ekki sé meira sagt.

3. Vinnuhópurinn fullyrðir í skýrslunni að forseti og forsetaritari hafi flogið með Ingibjörgu Pálmadóttur og Skarphéðni Berg Steinarssyni í einkaþotu frá Kaupmannahöfn (bls. 167) en hefur nú í bréfi til þingmannanefndarinnar dregið þá rangfærslu til baka.
4. Vinnuhópurinn fullyrðir einnig í skýrslunni að forseti hafi „skrifað fjölda bréfa í þágu fyrirtækja og einstaklinga til erlendra viðskiptamanna“ (bls. 170). Það er rangt. Forseti hefur aldrei skrifað slík bréf til erlendra viðskiptamanna enda nefnir vinnuhópurinn ekki nein dæmi um slíkt.

5. Vinnuhópurinn segir: „Forsetinn hefur iðulega tekið með sér mjög stórar viðskiptasendinefndir, allt að eitt hundrað manns“ (bls. 170), eins og þar sé um sérstakt frumkvæði forseta að ræða. Allar slikar viðskiptasendinefndir hafa verið skipulagðar af Útflutningsráði Íslands eða í samvinnu við það og stjórnvöld í samræmi við venjur sem gilt hafa í áratugi um viðskiptasendinefndir í ferðum forseta. Yfirleitt auglýsir Útflutningsráð á vef sínum með góðum fyrirvara þegar til stendur að forseti haldi í opinbera heimsókn og óskar eftir því að fulltrúar þeirra fyrirtækja eða stofnana (t.d. háskóla) sem kynnu að hafa áhuga á því að tengjast slíkri ferð gefi sig fram. Starfsmenn Útflutningsráðs annast síðan um fyrirgreiðslu fyrir viðskiptasendinefndina, útgáfu kynningarefnis, skipulagningu funda, bókun gistingar, ferðir og hvaðeina annað sem þeirra fór tilheyrir.

Með framsetningunni að forseti taki iðulega „með sér mjög stórar viðskiptasendinefndir“ er verið að gefa til kynna að slíkt sé óeðlileg fyrirgreiðsla við fyrirtæki í landinu og forseti sé einn þjóðhöfðingja um það að styðja atvinnulíf lands síns með þeim hætti. Í því samhengi má nefna, að sé litið til nágrannalanda okkar og athafna þjóðhöfðingja þeirra er það alsiða og nánast undantekningalaus regla að þeim þjóðhöfðingjum fylgi í opinberar heimsóknir fjölmennar viðskiptasendinefndir.

6. Vinnuhópurinn segir: „Í heimsókninni til Rússlands kynntist forsetinn Björgólf Thor Björgólfssyni sem átti í miklum viðskiptum þar og notaði hann þá tækifærið og kynnti Björgólf fyrir rússneskum ráðamönnum“ (bls. 171). Vinnuhópurinn lætur þess ógetið að Björgólfur Thor Björgólfsson var þá ræðismaður Íslands í Pétursborg, skipaður af Halldóri Ásgrímssyni utanríkisráðherra. Í samræmi við venjur sem tíðkast hafa í langan tíma taka ræðismenn þátt í slíkum opinberum heimsóknum. Það hefði því verið óeðlilegt að sniðganga Björgólf Thor enda sinnti ræðismannsskrifstofan undir forystu hans ýmsum þáttum í heimsókninni, m.a. undirbúningi að sýningu um Halldór Laxness í háskólanum í Pétursborg í tilefni af aldarafmæli skáldsins.
7. Vinnuhópurinn segir að forseti hafi verið árið 2006 á viðskiptaþingi í London „í boði Kaupþings“ (bls. 175). Þetta er rangt. Viðskiptaþingið var skipulagt af

Útflutningsráði eins og fram kemur í fréttatilkynningu sem birt er á vef embættisins og í samvinnu við sendiráð Íslands í London. Þinginu stýrði þáverandi sendiherra Íslands í Bretlandi, Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

8. Vinnuhópurinn segir einnig: „Árið 2007 heimsótti forsetinn útibú Gltnis og Kaupþings í Ósló og sama ár var hann viðstaddir opnum útibús Landsbankans í Winnipeg“ (bls. 175). Þarna er enn látið að því liggja með því að greina ekki frá tilefni og tilgangi þessara ferða að þær hafi eingöngu verið farnar vegna hagsmuna bankanna. Ferðin til Ósló var farin til að taka þátt í þriggja daga hátíðarhöldum vegna 70 ára afmælis Haralds Noregskonungs. Forseti fór í leiðinni í örstuttar kurteisisheimsóknir til íslenskra fyrirtækja í Ósló, heimsótti nýja friðarstofnun í borginni og hélt ræðu á hádegisverðarfundi Norsk-íslenska verslunarráðsins. Frá öllu því er sagt á vef forsetaembættisins. Þar kemur líka fram að ferðin til Winnipeg var farin vegna þátttöku forseta í ársþingi Þjóðræknisfélags Vestur-Íslendinga þar sem hann flutti sérstaka hátíðarræðu og þátttöku hans í öðrum atburðum, m.a. listahátförungun fólk sem Atli Ásmundsson aðalræðismaður Íslands skipulagði í samvinnu við fólk af íslenskum ættum í Vesturheimi. Til þeirrar hátíðar lögðu fjölmargir íslenskir listamenn. Vegna þess að forseti var staddir í borginni var hann svo viðstaddir opnum útibús Landsbankans í Winnipeg í um hálfa klukkustund.

Frásögn vinnuhópsins af þessum tveimur ferðum forseta ber því miður svip af því vinnulagi að taka ekki fram megintilgang ferða forseta en gera þær tortryggilegar með því að draga fram aukaatriði og skipa þeim í öndvegi. Með þessari frásagnaraðferð er gefið til kynna að megintilgangur ferða forseta til Ósló og Winnipeg hafi verið að heimsækja útibú íslenskra banka sem er fjarri öllu lagi.

9. Vinnuhópurinn segir að forseti hafi skrifao „kurteisisbréf til emírsins af Katar 4. febrúar 2008, rétt í þann mund sem Davíð Oddsson, seðlabankastjóri, kom heim eftir erfiða fundi með fulltrúum breskra fjármálfyrirtækja“ (bls. 176). Þessi klausu er einnig til marks um hlutdræga og misvísandi framsetningu; látið er að því liggja að samhengi sé á milli þess að forseti skrifar kurteisisbréf til að þakka fyrir móttökur í nýlegrí opinberri heimsókn sinni til Katars og ferðar Davíðs Oddssonar til viðræðna við fjármálfyrirtæki í Lundúnnum. Forseti vissi ekki

frekar en íslenskur almenningur um þessa ferð Davíðs Oddssonar fyrr en hún var upplýst löngu síðar. Jafnvel þótt forseti hefði fylgst með ferðum seðlabankastjóra er vandséð hvaða samband ætti að vera á milli þeirra og bréfsins þar sem hinum erlenda þjóðhöfðingja er þakkað fyrir góðar móttökur; en af framsetningunni má ætla að vinnuhópurinn ímyndi sér að þarna sé maðkur í mysunni.

10. Þá má enn nefna dæmi úr skýrslunni þar sem vinnuhópurinn gefur til kynna að staðið hafi verið að málum með óeðlilegum haetti: „Árið 2004 var haldið málþing á Bessastöðum um banka og viðskipti í tilefni af heimsókn forseta Eistlands en ekki kemur fram hver kostaði það“ (bls. 177). Eins og segir í fréttatilkynningu og frásögnum á vef embættisins var þetta málþing liður í opinberri heimsókn forseta Eistlands, Arnolds Rüütels. Þar var m.a. fjallað um starfsemi Norræna fjárfestingabankans (sem norrænu ríkin settu á stofn) í Eystrasaltslöndunum. Kostnaður við málþingið var enginn nema ef telja ætti kaffi, jólakökur og kleinur sem gestir fengu á Bessastöðum. Slík málþing um ýmsa þætti atvinnulífs eru algengur þáttur í opinberum heimsóknum þjóðhöfðingja um allan heim. Óskiljanlegt er hvaða tilgangi það þjónar að vera með dylgjur um að launung hafi verið yfir „hver kostaði það“. Kostnaður við opinberar heimsóknir er ávallt greiddur af forsetaembættinu sjálfu eins og jafnan kemur fram í fjárlögum og ríkisreikningi. Einfalt hefði verið fyrir vinnuhópinn að leita upplýsinga hjá starfsfólk i embættisins um kostnað við þennan þátt hinnar opinberu heimsóknar í stað þess að dylgja um spillingu.
11. Þá víkur vinnuhópurinn að þeim bréfum sem skrifstofan sendi til Rannsóknarnefndar Alþingis í samræmi við beiðni sem barst í bréfi frá Páli Hreinssyni formanni nefndarinnar 11. ágúst 2009 en þar segir: „Óskað er að upplýst verði hvort þér hafið í nafni embættis yðar skrifað bréf til erlendra aðila til stuðnings íslenskum fjármálastofnunum eða fyrirsvarsmönnum þeirra á tímabilinu 2000 til og með 2008. Ef svo er, óskar nefndin að fá send afrit af þeim bréfum“. Skrifstofan ákvað að skilgreina óskina eins vitt og kostur væri og sendi því öll bréf þar sem orðin banki eða fjármálastarfsemi komu fyrir. Einungis 18 bréf af þessu tagi komu í leitírnar, tæp 0,6% af heildarfjölda þeirra bréfa sem forseti ritaði á árabilinu sem hér um ræðir, 2000–2008, en þá skrifaði forsetinn

alls 3.193 bréf. Því samhengi sleppir vinnuhópurinn í greinargerð sinni þótt embættið hafi tilgreint heildarfjölda bréfanna í svörum sínum.

Vinnuhópurinn víkur að nokkrum þessara bréfa og er það réttlætt með eftirfarandi orðalagi: „verða gerð að umtalsefni þau bréf sem varpa ljósi á hlut forsetans í þjónustu við stóru útrásarfyrirtækin“ (bls. 176).

Hér er enn á ný um undarlega framsetningu að ræða sem sést vel ef bréfin eru skoðuð. Sem dæmi má nefna að bréfið til Björgólfs Thors Björgólfssonar er skrifað til hans sem ræðismanns í Pétursborg til að þakka fyrir framlag ræðisskrifstofunnar til opinberrar heimsóknar forseta til Rússlands m.a. til sýningar sem helguð var Halldóri Laxness. Bréfið sem skrifað er „í þágu Creditinfo“, eins og vinnuhópurinn orðaði það, er til að koma á framfæri litlu upplýsingafyrirtæki sem sérhæfir sig í að skrá vanskilamenn og skuldara og getur þannig auðveldað opinberum aðilum í nýfrjálsum löndum og öðrum ríkjum að þróa ábyrg fjármálakerfi. Bréfið til Al Gore var ritað til að bjóða honum að koma til Íslands og kynna sér framlag Íslendinga á sviði endurnýjanlegrar orku, verkefni sem varða baráttu gegn óafturkræfum loftslagsbreytingum (t.d. bindingu koltvioxíðs í bergi) og rannsóknir íslenskra vísindamanna á bráðnun jökla. Vikið er að kostun Glitnis á fyrirlestri Gore vegna þess að slík fyrirgreiðsla er forsenda þess að Gore haldi opinbera fyrirlestra. Ágóðinn rennur svo til góðgerðastofnunar sem hann rekur í þágu baráttunnar gegn loftslagsbreytingum. Íslenskum almenningi var gefinn kostur á að sækja fyrirlesturinn sér að kostnaðarlausu en hann var haldinn í Háskólabíói. Um rangfærslur vinnuhópsins varðandi bréfið til þjóðhöfðingja Katar var fjallað í lið 1 hér að framan.

12. Vinnuhópurinn nefnir einnig bréfið sem forseti skrifaði 1. ágúst 2007 til Hu Jintao forseta Kína. Sú frásögn er á þann veg að skilja má að bréfið sé einvörðungu ritað í þágu Glitnis. Vinnuhópurinn veit þó að hér er um að ræða 5 blaðsíðna bréf þar sem vikið er að fjölmögum samstarfsverkefnum Íslands og Kína. Hópurinn birtir málsgrein um Sinopec og Glitni sem dæmi um „þjónustu við stóru útrásarfyrirtækin“ (bls. 176). Sinopec er ríkisfyrirtæki, þriðja stærsta orkufyrirtæki Kína, og hefur um árabil átt í samvinnu við íslenska aðila, Glitni, Orkuveitu Reykjavíkur og fleiri. Það hefur unnið að nýtingu jarðhita, einkum með lagningu hitaveitu í Xian Yang í Kína til að draga úr loftmengun og hættunni á

loftslagsbreytingum. Á öllum fundum forseta Íslands með núverandi forseta Kína, Hu Jintao, og fyrrverandi forseta Kína, Jiang Zemin, hefur slík samvinna við Ísland á sviði hreinnar orku verið eitt helsta áhersluatriði forseta Kína. Það hefði því verið fullkomlega óeðlilegt ef ekki hefði verið vikið að heimsókn sendinefndar Sinopec til Íslands í þessu ítarlega bréfi til forseta Kína.

13. Tæpur þriðjungur af níu blaðsíðna umfjöllun vinnuhópsins um forsetaembættið er helgaður endurbirtingu á köflum úr fáeinum ræðum forseta eða endursögn á þeim. Vinnuhópurinn vitnar í sjö ræður forseta á árabilinu sem hér um ræðir, 2000–2008, en forseti flutti alls 339 ræður á þessu tímabili sem allar má nálgast á vef embættisins. Ætla má af framsetningu vinnuhópsins að forsetinn hafi lítið talað um annað á þessum árum en útrásina. Vinnuhópnum er að sjálfsögðu frjálst að túlka þessar sjö ræður að vild, þótt erfitt sé að skilja hvaða erindi sumt í þeirri túlkun á í skýrslu um hrún bankanna, eins og sú gagnrýni vinnuhópsins að: „orðræða forsetans var ákaflega karlmiðuð“ (bls. 172).

Dæmi um ranga túlkun er að vinnuhópurinn vitnar til ræðu sem forseti flutti 25. maí 2006 í London og segir „Forseti taldi greiningar og gagnrýni erlendra aðila storm í vatnsglassi“ (bls. 174). Slíkt kemur alls ekki fram í þessari ræðu forseta. Hann talar hvergi í henni á neikvæðan hátt um gagnrýni erlendra aðila. Þvert á móti segir forseti í ræðunni:

We have, however, been reminded of valuable lessons: One is that if you are a player in the global financial system it is of paramount importance to keep foreign confidence in your financial institutions. Another is that reporting or misreporting by others can play a role ... It is important to further the extensive knowledge and detailed understanding of the Icelandic experience; to be both transparent and open – willing to engage in dialogue with others.

Í ræðunni fjallaði forseti ítarlega um ójafnvægið í íslenska hagkerfinu og sagði að skelli á alþjóðleg fjármálakreppa myndi það hafa í för með sér verulegar hættur fyrir þessi íslensku fyrirtæki. Boðskapur ræðunnar frá 2006 var því allur annar en sá sem vinnuhópurinn tilgreinir.

14. Vinnuhópurinn nefnir einnig að „útrásarmenn urðu tíðir gestir í boðum á Bessastöðum og jafnvel voru skipulögð sérstök boð fyrir þá í þágu viðskipta þeirra“ (bls. 170). Starfsmenn embættisins hefðu getað upplýst vinnuhópinn, ef

leitað hefði verið til þeirra, að yfirleitt var um að ræða boð í tengslum við viðburði sem þessi stóru fyrirtæki studdu opinberlega, t.d. fjölmarga viðburði sem tengdir voru listahátíðum eða stuðningi þessara fyrirtæki við velferðarmál og líknarmál, t.d. Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, eða boð vegna annarra opinberra atburða.

Bankarnir og önnur fyrirtæki sem fjallað er um í skýrslu Rannsóknarnefndarinnar voru á þessum árum stærstu fyrirtæki landsins líkt og Álafoss, Söldumiðstöð hraðfrystihúsanna, Loftleiðir, Flugfélag Íslands, Samband íslenskra samvinnufélaga og Sólusamband íslenskra fiskframleiðenda voru á árum áður. Löng hefð er fyrir því að forsetar komi að viðburðum og athöfnum sem tengjast slíkum fyrirtækjum.

15. Umfjöllun vinnuhópsins virðist fela í sér þá skoðun að forseti Íslands sé einn þjóðhöfðingja um það að styðja atvinnulíf lands síns á margvíslegan hátt. Lausleg athugun hefði þó leitt í ljós að slíkur stuðningur við atvinnulífið hefur í áratugi verið ríkur þáttur í framgöngu þjóðhöfðingja á Norðurlöndum, annars staðar í Evrópu og viðar um heim. Nýleg dæmi eru fjölmenn viðskiptasendinefnd með fulltrúum frá 68 fyrirtækjum, m.a. mörgum stærstu fyrirtækjum Danmerkur, sem fylgdi Margréti drottningu til Viétnams; að stjórnendur sánsku stórfyrirtækjanna Saab, Volvo, Ericson og fleiri slíkra voru í fylgdarliði Karls Gústavs konungs í heimsókn til Brasilíu í mars og Hákon krónprins Noregs opnaði í apríl ásamt þjóðhöfðingja Katars Hamad Bin Khalifa Al Thani nýja álverksmiðju fyrirtækisins Qatalum.
16. Vinnuhópurinn gagnrýnir að forseti sé viðstaddur opnum starfstöðva og útibúa einstakra fyrirtækja og telur slíkt óeðlilegt. Áratugum saman hafa ráðherrar og forsetar mætt við opnanir og sérstaka viðburði á vegum fyrirtækja og tíðkast slíkt enn. Nú í maí 2010 opnaði forseti ásamt iðnaðarráðherra til dæmis nýtt gagnaver Thor Data Center í Hafnarfirði að viðstöddum öðrum ráðherrum og alþingismönnum. Enginn hefur gagnrýnt það.

\*\*\*

Skrifstofa forseta vill að lokum áréttu að þótt rannsóknarnefnd um hrun bankakerfisins undir forsæti Páls Hreinssonar hæstaréttardómara hafi verið sá aðili sem óskaði eftir upplýsingum frá forsetaembættinu þá sá Rannsóknarnefndin enga ástæðu til að fjalla um forseta eða störf hans í sjö binda skýrslu sinni um bankahrunið og aðdraganda þess. Þar er forsetinn hvergi nefndur. Sú niðurstaða talar skýru máli.

*6. júní 2010*



Alþingi  
Erindi nr. Ö 138/108  
komudagur

fylgiskjaf

Skrifstofa forseta Íslands  
Sóleyjargötu 1  
101 Reykjavík

14. maí 2010

Varðar: Athugasemdir forseta Íslands varðandi 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Þingmannanefnd sem fjallar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis fékk til fundar við sig vinnuhóp um siðferði og starfshætti í tengslum við fall íslensku bankanna 2008. Á þessum fundum kom til umræðu gagnrýni sem forseti Íslands setti fram í viðtali í síðdegisútvápi Rásar 2 þann 14. apríl 2010. Gerði hópurinn ítarlega grein fyrir svörum sínum.

Þingmannanefndinni hefur nú borist meðfylgjandi bréf frá vinnuhópnum þar sem farið er yfir svör starfshópsins vegna gagnrýni forseta Íslands.

Í ljósi þess að þingmannanefndin hefur nú til meðferðar skýrslu rannsóknarnefndarinnar og er ætlað að skila niðurstöðum sínum um hana fyrir þinglok í september nk., vill nefndin gefa forsetaembættinu kost á að senda nefndinni skriflegar athugasemdir í tengslum við efni meðfylgjandi bréfs fyrir 7. júní nk.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd þingmannanefndarinnar,

Atli Gíslason, formaður

**AFRIT**